


VERKALÝÐS- OG
SJÓMANNAFÉLAG
GERÐAHREPPS



Garðbraut 69a 250 Garði Pósthólf 8
Kennitala: 490272-3489 Sími 92-27375

Garði 14. apríl 1996.

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi

Erindi nr. B 120/1506

komudagur 17/4 1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðs og sjómannafélags Gerðahrepps um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar Verkalýðs og sjómannafélags Gerðahrepps fylgir hér á eftir:

Verkalýðs og sjómannafélag Gerðahrepps telur að framkomið frumvarp feli í sér alvarlega íhlutun í innri mál stéttarfélaga. Þar er vegið að lýðræðislegum réttindum launafólks til að hafa áhrif á eigin mál með frjálsum samningum, grundvallarbreyting er gerð á verkfallsheimildinni, sem mun leiða af sér fleiri verkföll og viðtækari. Einnig eru settar fram hinar ýmsu útfærslur á atkvæðagreiðslum sem eru mjög ruglandi. Það hlýtur að vera krafa hvers einasta launþega að þetta frumvarp sé dregið til baka og aðilum vinnumarkaðarins gefin sá kostur að ná friðsamlegri lausn á vinnureglum sín í milli. Það er von Verkalýðs og sjómannafélags Gerðahrepps að lýðræðislega kjörmir alþingismenn þessarar þjóðar sjái sóma sinn í því að draga þetta frumvarp til baka og falla frá beitingu valdniðslu á hendur launamanna í þessu landi.

F.h. Verkalýðs og sjómannafélags
Gerðahrepps.

Afrit sent öllum þingmönnum og miðstjórn ASÍ.